



Upplýsingar um umhverfis- og öryggismál hjá HÍ fyrir verktaka og þjónustuaðila

Vinnulýsing

Vinnulýsingin tengist verklagsreglu: [VLR-0445 Vistvæn Innkaup](#)

Ábyrgð

Innkaupastjóri ber ábyrgð á að vinnulýsingin sé rétt á hverjum tíma og allir þeir sem annast innkaup fyrir skólann bera ábyrgð á að verktakar og þjónustuaðilar sem tengjast umhverfis- og öryggisþáttum HÍ fái viðkomandi leiðbeiningar.

Framkvæmd

Tilgangur með þessum leiðbeiningum er að vekja athygli á stefnu og starfsháttum HÍ í umhverfis- og öryggismálum. HÍ er að innleiða umhverfis- og öryggisstjórnun í starfsemi sína og leggur áherslu á að lágmarka umhverfisáhrif í rekstri skólans og tryggja öryggi allra.

Verktaki skal fylgja verklagi HÍ á starfssvæði HÍ, sjá meðfylgjandi texta ásamt upplýsingum á öryggisvef HÍ: oryggi.hi.is og á sjálfbærni- og umhverfisvef HÍ: www.hi.is/sjalfbaerni_og_umhverfismal

Starfsleyfi

HÍ skiptir eingöngu við þjónustuaðila og verktaka sem hafa gilt starfsleyfi, þegar það á við.

Úrgangur

Öllum úrgangi sem fellur til við vinnu í húsnæði HÍ skal skilað til viðurkennds móttökuaðila fyrir úrgang. Úrgangur skal flokka til endurvinnslu í eftirfarandi flokka:

Úrgangur til endurvinnslu/endurnýtingar

- Skrifstofupappír
- Dagblöð, tímarit, fernur, sléttur pappi, bylgjupappi, plast, málmar
- Skilagjaldsskyldar drykkjarumbúðir
- Gler
- Tóner og prenthylki
- Ljósaperur
- Húsgögn
- Raftæki

Óflokkanlegur úrgangur

- Úrgangur/sorp sem ekki er hægt að endurvinna og er því flokkað frá og haldið sér t.d. matarleifar, óhreinar umbúðir ofl.

Rafmagn og heitt vatn

Halda skal orku- og vatnsnotkun í lágmarki við vinnu í húsnæði HÍ.

Spilliefni

Dæmi um spilliefni hjá HÍ eru efnaafgangar, rafhlöður og raftæki sem innihalda spilliefni.

Skil spilliefna til viðurkennds móttökuaðila:

- Öllum spilliefnum skal haldið aðskildum frá öðrum úrgangi og skila til viðurkennds móttökuaðila. Ef verktaki/þjónustuaðili er í vafa um hvort efni telst spilliefni eða ekki skal leita upplýsinga hjá tengilið HÍ, Efnamóttökunni hf, Hringrás ehf eða heilbrigðiseftirliti.
- Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætta á mengun umhverfisins. Mismunandi efnum skal haldið aðgreindum í upprunalegum umbúðum.

Varasöm efni

Með varasömum efnum er átt við efni sem eru merkt með hættumerkjum. Við þrif og ræstingar hjá HÍ skal forðast að nota varasöm efni eins og kostur er.

Dæmi um hættumerki fyrir varasöm efni:



Geymsla:

- Varasöm efni skulu geymd þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim og að þau berist ekki út í umhverfið.

Notkun:

- Ávallt skal meðhöndla varasöm efni með varúð og samkvæmt leiðbeiningum um notkun efnanna. Óheimilt er að losa efnin út í umhverfið, í frárennsliskerfi eða í niðurföll í húsnæði HÍ (sápur og ræstiefni mega þó fara í frárennsliskerfi eftir notkun).

Umbúðir:

- Óheimilt er að umhella varasömum efnum, heldur skulu þau ávallt vera í upprunalegum umbúðum framleiðanda.
- Umbúðir sem eru sérhannaðar fyrir varasöm efni má ekki nota í öðrum tilgangi.

Öryggisblöð:



- Þjónustuaðili eða verktaki skal hafa til staðar öryggisblöð fyrir varasöm efni sem notuð eru í verkum í húsnæði HÍ. Öryggisblöðin skulu vera á íslensku eða ensku og vera aðgengileg á notkunarstað efnanna. Öryggisblöðin fást að kostnaðarlausu hjá söluaðila efnanna.
- Öryggi- og hlífðarbúnaður skal vera CE merktur.

Viðbrögð við umhverfisslysi / atviki

1. Verktaki/þjónustuaðili stöðvar orsakir mengunar og kemur í veg fyrir að mengun berist í umhverfið eða breiðist frekar út.
2. Verktaki/þjónustuaðili hringir í 112 ef mengun eða umhverfisskaði er óviðráðanlegur.
3. Verktaki/þjónustuaðili skal alltaf tilkynna atvikið til tengiliðs HÍ.

Tilvísanir

- oryggi.hi.is
- www.hi.is/sjalfbaerni_og_umhverfismal
- [VLR-0445 Vistvæn Innkaup](#)